

Enginn bilbugur á Héðni níræðum

● Góð verkefnastaða hjá málmfyrirtækinu Héðni í Hafnarfirði ● Vantar faglærða menn til vinnu
● Fyrirtækið að stórum hluta í eigu afkomenda annars stofnenda Héðins fyrir 90 árum í Reykjavík

SVIÐSLJÓÐ

Björn Jóhann Björnsson
bjb@mbl.is



„Það er engan bilbug á okkur að finna, við höldum áfram djarfir,“ segir Guðmundur S. Sveinsson, framkvæmdastjóri Héðins, en málmfyrirtækið fagnar 90 ára afmæli sínu í dag. Hinn 1. nóvember árið 1922 var Vjelsmiðjan Héðinn stofnuð, eins og hún hét og var stafsett til ársins 1929, og var fyrst til húsa í Aðalstræti 6b í hjarta Reykjavíkur, á sömu slóðum og Morgunblaðshöllin var reist síðar meir.

Stofnendur voru Bjarni Þorsteinsson vélfræðingur og Markús Ívarsson vélstjóri. Héðinn er eitt elsta starfandi iðnfyrirtæki landsins og veitir ríflega 100 manns atvinnu.

Saga fyrirtækisins er sérstök að því leyti að það er að stórum hluta enn í eigu afkomenda annars stofnenda þess, Markúsar. Tengdasonur hans var Sveinn Guðmundsson, sem var forstjóri Héðins í 40 ár. Synir Sveins og Helgu Markúsdóttur eru við stjórnvölinn í dag; Guðmundur er framkvæmdastjóri og Sverrir stjórnarformaður. Sá síðarnefndi tók við forstjórastarfinu af föður sínum árið 1983 og gegndi því til 1992, þegar Guðmundur tók við. Auk fjölskyldu þeirra bræðra eru nokkrir núverandi starfsmenn Héðins í eiginahópi fyrirtækisins.

Njóta góðra viðskiptavina

Guðmundur segir verkefnastöðuna í dag vera prýðilega.

„Það helgast af því að við höfum okkar góðu og trausta viðskiptavina sem halda okkur gangandi. Á meðan við höfum þá, og reynum að þjónusta þá eins vel og við getum, þá njótum við þess,“ segir Guðmundur en flest verkefni Héðins eru vegna sjávarútvegsfyrirtækja, bæði við viðhald á skipaflota, verksmíðjum og öðrum tækjabúnaði. „Útgerðarfyrirtækin hafa verið okkur hvað tryggust, alveg frá fornu fari.“

Stóriðjufyrirtækin eru einnig að



Stjórnendur Guðmundur S. Sveinsson, lengst t.v., stýrir Héðni nú, en lykilstjórnendur með honum og stórir hluthafar eru Ingimar Bjarnason, rekstrarstjóri smíðjunnar, og Rögnvaldur Einarsson, yfirmaður tæknideildar.

skapa Héðni töluverð verkefni en fyrirtækið er t.d. með starfsemi í 500 fermetra þjónustuverkstæði á Grundartanga, auk fleiri tilfallandi verkefna fyrir stóriðjufyrirtæki annars staðar.

„Þó að ekki séu neinar stórfamkvæmdir í gangi er alltaf eitthvað að gerast. Allir þessir aðilar þurfa viðhald,“ segir Guðmundur.

Þegar mest lét um miðja síðustu öld voru hátt í 500 manns á launaskrá hjá Héðni en eru í dag rúmlega 100 eins og áður greinir. Hefur lítills háttar fjölgun orðið síðan fyrirtækið flutti sig um set í nýtt húsnæði í Hafnarfirði fyrir fjórum árum. Guðmundur segist geta bætt við sig enn fleiri starfsmönnum en mikill skort-

ur er á faglærðum málmíðnaðar- og véltæknimönnum hér á landi. Auk ríflega 100 starfsmanna eru um 20 erlendir starfsmenn, ráðnir til skamms tíma.

Með sterk ítök í Noregi

„Það vantar alltaf góða menn. Eldri málmsmiðir eru að hætta og það er þörf á meiri nýliðum í greininni. Bæði fyrir og eftir hrun hefur fjöldi erlendra málmíðnaðarmanna starfað í landinu. Þetta eru fyrirmyndarstarfsmenn, og ekkert út á þá að setja, en við viljum frekar ráða Íslendinga til vinnu, ekki sist þegar atvinnuleysi er þetta mikið ennþá,“ segir Guðmundur.

Eftir hrúnið hafa mörg íslensk

fyrirtæki reynt að finna sér verkefni erlendis. Guðmundur segir Héðinsmenn hafa byrjað á því vel fyrir hrun. Árið 2000 keypti Héðinn 73% hlut í norska fyrirtækinu Peder Halvorsen A/S Kjellfabrikk, sem framleiðir gufukatla og ýmis tæki fyrir norska oluviðnaðinn. Peder Halvorsen er ríflega 160 ára gamalt fyrirtæki í Flekkefjord og er annað af tveimur stærstu fyrirtækjum sinnar tegundar í Noregi. Hluturinn í PH var seldur fyrir um þremur árum.

„Við erum áfram með sterk ítök í Noregi og alltaf með stöðug verkefni þar. Einnig höfum við verið að störfum í Skotlandi og Færeyjum en þessi verkefni komu hvorki til af

Úr 90 ára sögu



Bjarni Þorsteinsson



Markús Ívarsson



Sveinn Guðmundsson



Sverrir Sveinsson

» Saga Héðins byggist á gömlum merg. Járnsmiðja hafði verið starfandi í Aðalstræti 6b frá 1895, fyrst hjá Sigurði Jónssyni og síðan Bjarnhjáðni Jónssyni, nemanda Sigurðar.

» Bjarnhjáðinn lést 1920 en 1922 keyptu Bjarni Þorsteinsson og Markús Ívarsson, smíðjuna og nefndu hana Héðin til heiðurs forveranum.

hruninu né eru uppistaðan í okkar starfsemi. Þetta er bara góð viðbót og við ætlum okkur ekkert sérstaklega að sækja meira fram á erlendum markaði.“

Guðmundur segir fyrirtækið standa vel fjárhagslega og skuldirnar litlar þrátt fyrir að hafa ráðist í mikla fjárfestingu í Hafnarfirði í miðju hruni. Stjórnendur og eigendur Héðins hafi í gegnum tíðina einbeitt sér að kjarnastarfsemi, forðast alla ævintýramennsku og sýnt aðhald í rekstrinum.

„Við leggjum mesta áherslu á að þjóna okkar viðskiptavinum á Íslandi, þar er framtíðin,“ segir Guðmundur og er bjartsýnn á að Héðinn nái 100 árunum og vel það.

LEGUR Í BÍLA OG TÆKI

Það borgar sig að nota það besta!

TIMKEN

Keilulegur

Flans- og búkkalegur

FAG

Hjólaleguset

Nála- og línulegur

FAG
Kúlu- og rúllulegur

TRAUSTAR VÖRUR
...sem þola álagið

FÁLKINN
PEKING REYNISLA ÞJÓNUSTA

Stofnað 1904

Suðurlandsbraut 8 • 108 Reykjavík • Sími: 540 7000

www.falkinn.is



Höfuðstöðvar Héðinn flutti úr Garðabæ í Hafnarfirði árið 2008 og hefur síðan þá bætt 1.300 fermetrum við höfuðstöðvarnar á Gjáhellu 4.

Stækka þurfti nýja húsnæðið

● Ný viðbygging hýsir m.a. fræsivél

Eftir að hafa verið með höfuðstöðvar í Reykjavík og síðar Garðabæ hefur Héðinn verið til húsa á Gjáhellu í Hafnarfirði frá árinu 2008, skammt frá Álverinu í Straumsvík. Nýverið lauk uppsteypu á 800 fermetra viðbyggingu við höfuðstöðvarnar. Þetta var gert vegna aukinna verkefna og til að geta komið upp nýrri og fullkominni fimm ása fræsivél á renniverkstæðinu. Þetta er

önnur stækkunin á aðeins fjórum árum á nýjum stað, en árið 2012 var húsnæðið stækkað um 500 fermetra. Alls er grunnflötur húsnæðisins kominn í 7.300 fermetra.

„Nýja fræsivélin er hluti af ástæðu fyrir stækkuninni en frá því að við fluttum höfum við búið við sfelld þrengsli. Við vorum of gætnir þá, og erum að bæta úr því núna,“ segir Guðmundur S. Sveinsson.